

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 535/2014 með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

- a) 2. töluliður breytist og verður svohljóðandi:

Fræðslunefnd. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslunefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla samkvæmt leikskólalögum nr. 90/2008, grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008, tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og samstarfssamningum um rekstur hans hverju sinni auk umsjónar með daggæslu barna í heimahúsum, sbr. reglugerð nr. 907/2005. Einnig fer hún með málefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 92/2008 og samstarfssamningum sem gilda um rekstur framhaldsskóla hverju sinni. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.

- b) 4. töluliður verður svohljóðandi:

Félagsmálanefnd. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um félagshjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd fer með verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Þá fer félagsmálanefnd með framkvæmd á málefnum fatlaðra og málefnum aldraðra, sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999. Félagsmálanefnd annast yfirstjórn Hlífur, íbúða aldraðra á Ísafirði. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum og samþykkt þessari getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi. Formaður nefndarinnar eða sá sem nefndin tilnefnir er jafnframt í þjónustuhópi aldraðra í heilsugæsluumdæminu.

- c) Við greinina bætist nýr töluliður sem verður 10. töluliður svohljóðandi:

Fjallaskilaneftnd. Bæjarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með fjallskilamál skv. lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998. Nefndin fer með málefni riðuveiki samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 651/2001. Nefndin hittist a.m.k. árlega og skipar gangna- og réttarstjóra í sveitarfélaginu.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samið skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 9. maí 2016.

F. h. r.

Ólafur Hjörleifsson.

Stefanía Traustadóttir.